



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 14. janúar 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

### 1. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lágu tillögur að gjaldskrá sveitarfélagsins sem voru teknar til umfjöllunar. Sveitarstjórn ræddi þær, gerði nokkrar breytingar en samþykkti síðan gjaldskrár eftirfarandi deilda:

- a. Leikskólans Barnabóls
- b. Vatnsveitu.
- c. Húsnæði Höfðaskóla og skólamáltíða.
- d. Bjarmaness.
- e. Vegna hunda og kattahalds
- f. Gjald fyrir veiði refa og minka
- g. Leiguhúsnæðis sveitarfélagsins
- h. Félagsheimilisins Fellsborgar
- i. Íþróttahúss og sundlaugar
- j. Bókasafns Skagastrandar
- k. Tjaldstæðis Skagastrandar

Við umræðu um gjaldskrá og í samræmi við niðursöðu fjárhagsáætlunar; g. lið, leiguhúsnæði var ákveðið að segja upp afsláttarkjörum sem kennarar hafa haft frá og með 1. ágúst nk. Samþykktar gjaldskrár verða birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

### 2. Sæborg

Fyrir fundinum lá áætlun um aðgerðir til lausnar á rekstrarvanda dvalar og hjúkrunarheimilisins Sæborgar. Áætlunin var unnin í framhaldi af fundi sveitarstjórnar 15. desember sl. Sveitarstjórn fór yfir áætlunina sem er fyrst og fremst verkefna- og vinnuáætlun sveitarstjórnar og samþykkti hana.

### 3. Bjarmanes

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar hvort og hvenær eigi að auglýsa húseignina Bjarmanes til leigu en húsið hefur ekki verið leigt frá því 1. september sl. Sveitastjóri upplýsti að vinna við lagningu hitaveitu í húsið sé að hefjast og reikna megi með að húsið verði tilbúið til notkunar í febrúarmánuði. Samþykkt að auglýsa húsið til leigu sem kaffihús og taka umsóknir fyrir í sveitarstjórn.



#### 4. Almannaþing Húnavatnssýslna

- a. Samkomulag um skipan almannaþingarnefndar

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir almannaþingarskipulag sem lagt var fram á fundi Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna 19. nóvember 2014. Fram kom að sú breyting verður á skipulagi að lögreglustjóraembætti hafa verið sameinuð og almannaþingarnefndin heyrir nú undir lögreglustjóra Norðurlands vestra. Frágangi skipulagsins og þar með talið formennsku nefndarinnar hafi þó í raun ekki verið lokið. Málið var til kynningar.

- b. Fundargerð almannaþingarnefndar, 22.05.2014

Fundargerðin var til kynningar.

#### 5. Snjómokstur á Skagaströnd

Fyrir fundinum lágu drög að samningi milli sveitarfélagsins og Sorphreinsunar VH um snjómokstur á götum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ræddi samninginn gerði breytingu á tímalengd hans en samþykkti hann síðan.

#### 6. Bréf:

- a. Evu Dísar og Tönju Ránar, dags. 2. janúar 2015

Bréfritarar óska eftir stuðningi við ferð vegna sjálfboðaliðastarfs ABC – barnahjálpar. Samþykkt að leggja hjálparstarfi ABC til 100 þús. kr. í formi ferðastyrks umræddra sjálfboðaliða.

- b. Consello ehf, dags. 2. janúar 2015

Með bréfinu kynnir Consello þjónustu sína sem ráðgjafa- og þekkingarfyrirtæki á sviði váttrygginga. Bréfið var til kynningar og ekki sýndur áhugi á að leita ráðgjafar. Adolf óskaði bókað að hann tæki ekki afstöðu til málsins.

- c. Umhverfisstofnunar, dags. 30. desember 2014

Með bréfinu tilkynnir Umhverfisstofnun um lokaeftirlit á fyrrum urðunarstað sveitarfélagsins í landi Neðri Harrastaða. Í eftirlitsskýrslu sem fylgir bréfinu kemur fram að eftirlitsaðili meti frágang á svæðinu vera fullnægjandi.

Bréfið og skýrslan voru til kynningar.

- d. Ungmennafélags Íslands, dags. 12. desember 2014

Með bréfinu er kynnt og vakin athygli á samþykkt 39. sambandsráðsfundar UMFÍ, 11. október 2014 þar sem sveitarfélögum er þakkað sem hafa stutt við bakið á iðkendum ungmenna- og íþróttafélaga með því að sjá þeim fyrir gistingu í sínu húsnæði.

Bréfið var til kynningar.



- e. Ungmennafélags Íslands, dags. 10. desember 2014

Með bréfinu auglýsir stjórn UMFÍ eftir umsóknum frá sambandsaðilum UMFÍ um að taka að sér undirbúning og framkvæmd 28. Landsmóts UMFÍ árið 2017.

Bréfið var til kynningar.

## 7. Fundargerðir:

- a. Atvinnu- og ferðamálanefndar, 18.12.2014

Steindór lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um fundargerðina vegna erindis sem þar er til umfjöllunar.

Sveitarstjórn ræddi fundargerðina og staðfesti afgreiðslu nefndarinnar á 3. dagskrárlið – Atvinnuþróunarsjóður. Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

- b. Stjórnar Róta bs. 26.11.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- c. Stjórnar SSNV, 4.11.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- d. Stjórnar SSNV, 4.12.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- e. Stjórnar Sambands ísl. sveitarf. 12.12.2014

Fundargerðin var til kynningar.

- f. Fræðslunefndar, 17.12.2014

Sveitarstjórn staðfesti afgreiðslu fræðslunefndar á dagskrárliðum 2 – b. Starfsáætlun Höfðaskóla 2014-2015 og 2 – c. Umbótaáætlun.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.

- g. Stjórnar SSNV, 18.12.2014

Fundargerðin var til kynningar.

## 8. Önnur mál

Ekki voru bókuð erindi undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 11.20

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson